

Haldið er dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) 6. nóvember 2019

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2019 - 2020

Körfuknattleiksdeild ÍR

gegn

Körfuknattleiksbandi Íslands

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var mótttekið af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 28. október 2019. Kærandi er KKÍ, kt. 710169-1369, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Kærður er leikur ÍR og Vals í 1. deild drengjaflokks þann 22. október sl. sem leikinn var í Hertz – hellinum.

Kærði er körfuknattleiksdeild ÍR, kt. 510788-2069, Skógarseli 12, 109 Reykjavík.

Kærða var veittur frestur til að skila greinargerð í málinu með vísan til ákvæðis 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál sem barst ekki.

II.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess að úrslit téðs leiks verði dæmd ógild og Vali dæmdur sigur 0:20.

Hinn kærði skilaði ekki greinargerð í málinu og lét að öðru leyti málið ekki taka til sín.

III.

Málsástæður kæranda

Í kæru segir að Gabriel Douane Boama, kt. 070102-2850, hafi í umræddum leik leikið fyrir ÍR í treyju númer 9. Í tölvupósti frá starfsmanni KKI var beðið um full nögn og kennitölur

leikmanna í umræddum leik, þar sem leikskýrslan þar aðeins eiginöfn leikmanna. Í svari frá ÍR mátti sjá að umræddur Gabríel spilaði leikinn en ljóst er af gögnum málsins af Gabríel var skráður í Val á umræddum leiktíma.

Skrifstofa KKÍ telur að félagaskiptareglur verið brotnar, sbr. 8. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót, og að aga- og úrskurðarnefnd beri að dæma Val sigur 0:20.

VI.

Niðurstaða

Hinn kærði hefur ekki tekið málið til sín og er því útivist í málinu. Máltilbúnaður kærandi er í engu áfátt og taka má kröfur hans til greina.

ÚRSKURÐARORÐ

Úrslit leiks ÍR og Vals í 1. deild drengjaflokks þann 22. október sl. sem leikinn var í Hertz – hellinum eru úrskurðuð ógild. Vali er dæmdur sigur 0:20.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
formaður

Björgvin Halldór Björnsson
varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir
varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir

Birkir Guðmundarson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.